

Fundarboð

Aðalfundur Félags landnema á Fellsmörk árið 2002 verður haldinn þriðjudaginn 14. maí n.k. í húsi Ferðafélags Íslands að Mörkinni 6 og hefst kl. 20. (Inngangur er við hornið á Mörkinni og Suðurlandsbraut hjá FÍ/Veiðivon – efsta hæð)

** Dagskrá **

1. Skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar ársins lagðir fram og skýrðir.
3. Kosning stjórnar og skoðunarmanna ársreikninga í samræmi við 4. grein félagslaga.
4. Ákvörðun félagsgjalds fyrir starfsárið 2002 - 2003
5. Önnur mál:

Starfshópur um landgræðsluskóga - Gróðursetning 2001 og 2002

Kaffihlé

Erindi: Þórður Eydal og Kristín Guðbergsdóttir segja frá skógræktarbúskap í aldarfjórðung í Neðridal í Mýrdalshreppi.

3 maí 2002

Með félagskveðju.

Stjórn Félags landnema á Fellsmörk.

P.S.

Þeir sem kunna að eiga eftir að greiða félagsgjöld eru minntir á að gera skil fyrir aðalfundinn. Upplýsingar um greiðslustöðu munu liggja frammi hjá gjaldkera á fundinum. Þeir sem skulda félagsgjöld og týnt hafa greiðsluseðlum, geta gert skil á fundinum hjá gjaldkera eða fengið upplýsingar um það í hvaða greiðslustofnun greiða má gjöldin.